



Þessir hressu guttar létu ekki vetrarríkið stöðva sig í að skemmta sér með fótbolta á gervigrasinu við Egilshöll í Grafarvogi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Ójöfnuður er undirrót stríðsátaka skrifar Katrín Jakobsdóttir. **12-13**

**SPORT** Strákarnir okkar svekktir eftir óvænt tap á EM í gær. **14-16**

**TÍMAMÓT** Kosin í stjórn ISPA fyrst Íslendinga. **18**

**LÍFIÐ** Eurovision-stjarnan Loreen kemur til landsins. **26**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## OFURFÆÐI

í hylkjum **Nýtt**

**ULTIMATE SUPERFOODS**  
Contains 21 Organic Superfoods, Concentrates, Plant Extracts and Bio-Active Enzymes

31 innihaldsefni  
- Öflug ofurfæðisblanda

## Fatlaðir þurfa neyðaráætlun

**VELFERÐARMÁL** Svo alvarleg er staðan varðandi öryggis og réttarvernd fatlaðra að gera þarf neyðaráætlun. Þetta segir Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landsamtakanna Proskahjálpar.



Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landsamtakanna Proskahjálpar

Ekki eru samræmdar vinnureglur hjá lögreglunni um viðbrögð er grunnur leikur á ofbeldi gegn fötluðu fólki. „Það er því full ástæða til að setja tafarlaust í gang neyðaráætlun til að tryggja vernd fatlaðs fólks fyrir ofbeldi,“ segir Bryndís. – *shá / sjá síðu 10*

## Gætum sparað í lyfjakaupum

**STJÓRNSÝSLA** Að mati Landspítalans hamla lög um opinber innkaup því að hægt sé að halda útbod á lyfjakaupum með öðrum þjóðum. Íslenska ríkið gæti sparað hundruð milljóna króna á ári í lyfjakaupum. Frá Noregi eru dæmi um að allt að 70 prósentum lægra verð fái með útbodum. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra vill breyta lögum. – *sa, gb / sjá síðu 4*

# Veikar varnir á Íslandi gegn peningabætti

Samanlagðar fjárhæðir á ári vegna tilkynninga um peningabætti hafa verið allt að sex milljarðar. Nýr héraðssaksóknari boðar aukinn kraft í rannsóknum.

**SAKAMÁL** „Við stöndum okkur ekki vel, það hafa komið athugasemdir um frammistöðuna. Við þurfum að bæta úr þessu og ætlum að gera það,“ segir Ólafur Þór Hauksson, nýsettur héraðssaksóknari.

Athugasemdirnar sem Ólafur Þór visar í eru gerðar af Financial Action Task Force sem Ísland er aðili að. Það er alþjóðlegur framkvæmdahópur sem gefur út tilmæli um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Peningabættisskrifstofa héraðssaksóknara tekur við tilkynningum á grunni laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Upplýsingarnar eru greindar og miðlað til viðeigandi yfirvalda.

„Starfsemin fluttist yfir í sumar frá embætti ríkislögreglustjóra. Við bættum við tveimur starfsmönnum, Björn Halldórsson verður með skrifstofuna. Skrifstofan var séreining og verður það líka hér hjá embætti ríkissaksóknara, það er gerð rík krafa um það,“ segir Ólafur Þór

Árið 2014 bærust ríkislögreglu-

stjóra 453 peningabættis tilkynningar frá tilkynningarskyldum aðilum. Samanlagðar fjárhæðir þeirra voru sex milljarðar króna. Árið 2011 voru tilkynningarnar 208, árið 2012 352 og árið 2013 voru þær 491.




Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari vill bæta úr veikum vörnum gegn peningabætti.

Fjórar tilkynningar frá erlendum peningabættisskrifstofum bárust 2014. Þá bárust 27 fyrirspurnir og önnur erindi frá Interpol og Egmont Group. Af fyrrnefndum 453 tilkynningum var 186 miðlað til lögreglu og embættis sérstaks saksóknara. Níu tilkynningar voru sendar til erlendra peningabættisskrifstofa. Algengust eru skattabrot og fjársvik, auðgunarbrot og fíkniefnamál.

Í úttekt Financial Action Task Force á vörnum Íslands gegn peningabætti árið 2006 var lýst

## Tilkynningar um peningabætti



áhyggjum af virkni eftirlits. Ólafur Þór segir þessum alvarlegu athugasemdum ekki hafa verið fylgt nægilega eftir. Það standi til bóta. – *kgb*

**ÞORRAVEISLUR**  
1.990 kr. á mann

**FERMINGARVEISLUR**  
1.990 kr. á mann

Upplýsingar og pantanir:  
magnusingi@gmail.com  
Maggi, sími 696 5900

**Mínir Menn**  
VEISLUÞJÓNUSTA

Nánar á [minirmenn.is](http://minirmenn.is)



## Veður



Dálitill blástur við suðurströndina í dag, annars hægur vindur á landinu. Viða bjartviðri, en stöku él syðst og einnig við norðausturströndina síðdegis. Kalt í veðri, einkum í innsvitum á Norður- og Austurlandi. **SJÁ SÍÐU 20**



Lögregluaðgerðir í Düsseldorf.  
NORDICPHOTOS/AFP

## Tugir handteknir í Düsseldorf

**ÞÝSKALAND** Lögreglan í Düsseldorf handtók 40 manns í nágrenni aðal-lestarstöðvarinnar, þegar leitað var þar á knæpum og í spilasölum.

Hinir handteknur voru allir frá norðanverðri Afríku, og reyndust 38 þeirra vera ólöglega í landinu. Þeim verður væntanlega flestum vísað úr landi.

Um 300 lögreglumenn tóku þátt í aðgerðinni, sem efnt var til í framhaldi af kynferðisofbeldi gegn tugum kvenna í Köln á nýársnótt. - **gb**

## Dópaður með hakakrosspillur

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður á þrítugsaldri sem Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði í síðustu viku og var undir áhrifum fíkniefna átti umtalsvert magn slíkra efna heima hjá sér.

Á dvalarstað ökumannsins fundust hakakrossstöflur, sem einnig ganga undir nafninu nasistasýra og innihalda LSD, meintir sterar, hvítt efni í krukku og plastpoka auk hluta sem gáfu til kynna að þar færi fram þökkun og sala fíkniefna. Eftirgrenslnan leiddi í ljós að bíllinn var á skráningarnúmerum sem ökumaðurinn viðurkenndi að hafa stolið auk þess að gangast við því að eiga fíkniefnin. Hann var handteknur. Kannabisefni fundust í buxum farþega í bílnum. Sá var einnig var handteknur.

Þá stöðvaði Lögreglan á Suðurnesjum annan ökumann undir áhrifum fíkniefna. Sá var ökuréttindalaus á ótryggðum og óskoðuðum bíl. - **gló**

## Komnir með bakið upp að vegg



Guðjón Valur Sigurðsson fylgist með Hvít-Rússum fagna óvæntum sigri á íslenska liðinu á Evrópumótinu í handbolta í Póllandi í gær. Ísland hefði tryggt sig áfram í milliriðil með sigri en þarf nú að fá eitthvað út úr leiknum á móti Króatíu á þriðjudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Verðtrygging í þjóðaratkvæði

**STJÓRN MÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segist vera til í að setja verðtrygginguna í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta kom fram í máli hans í sjónvarpsþættinum Eyjunn í gær.



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson  
forsætisráðherra

„Þetta er mál sem maður sæi fyrir sér að væri hægt að setja í að minnsta kosti ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu þannig að stjórnvöld hefðu þá þjóðina á bak við sig í því að fylgja þessu eftir,“ sagði Sigmundur.

Þá sagðist hann almennt hlynntur því að þjóðin segði oftast skoðun sína í þjóðaratkvæðagreiðslum og að það væri til þess fallið að efla umræðu sem byggist á staðreyndum. - **skh**

# Fá ekki sérgreinalækna á Sjúkrahús Akureyrar

Sjúkrahúsið á Akureyri auglýsti stöður fyrir ellefu sérgreinalækna í maí. Enn hefur ekki verið ráðið í stöðurnar. Framkvæmdastjóri lækninga hefur áhyggjur.

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekki hefur tekist að ráða sérgreinalækna við sjúkrahúsið á Akureyri. Sjúkrahúsið auglýsti í maí á síðasta ári ellefu sérgreinalækna stöður lausar til umsóknar og nú sjö mánuðum síðar hefur enn ekki verið ráðið í stöðurnar.

Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga, segist hafa áhyggjur af stöðunni.

„Við erum ekki búnir að ráða í þessar stöður í sjálfu sér. Við höfum fengið fyrirspurnir um sex stöður og viðræður í gangi við sérgreinalækna um þær. Enn er skortur á læknum og við erum að leita annarra lausna á þeim vanda,“ segir Sigurður. „Til dæmis erum við í samræðum við Landspítalann um að menn komi tímabundið í afleysingar norður. Þannig eru ýmis ráð sem verið er að reyna að nota til að brúa bilið.“

Erfiðleikar við starfsmannahald á sjúkrahúsinu á Akureyri eru ekki nýjar af nálíni. Árið 2011 gerði Ríkisendurskoðun úttekt á starfsemi spítalans. Fram kom í þeirri rannsókn Ríkisendurskoðunar að sjúkrahúsið hefði glímt við skort á læknum sem ekki væri eingöngu tilkominn vegna almenns lækna-skorts heldur einnig vegna þess að lækna hefðu hætt á spítalanum vegna óánægju með stjórnun þess.

Talið var að á sumum deildum störfuðu svo fáir lækna að öryggi sjúklinga gæti verið ógnað. Í kjölfarið voru níu ábendingar settar fram í skýrslu. Síðan fór fram mikil vinna innan sjúkrahússins, hjá landlæknisembætti og í ráðuneytinu til að bregðast við ábendingum. Betur má ef duga skal.

Sigurður segir þó skort á sérgreinalæknum ekki hafa áhrif á



Svo virðist sem erfitt sé að fá sérgreinalækna til Akureyrar. Stjórnendum sjúkrahússins er því nokkur vandi á höndum. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Það sem við höfum mestar áhyggjur af er að þeir sem fyrir eru þreyttist af álaginu.

Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga á fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri



þjónustustig spítalans og að sjúklingar finni ekki fyrir þessu.

„Þetta hefur fyrst og fremst áhrif á þá sérfræðinga sem eru til staðar hér. Það er meira álag á þeim því vaktir og verkefni dreifast á færri herðar. Það sem við höfum mestar áhyggjur af er að þeir sem fyrir eru þreyttist af álaginu. Einnig verðum við líka að manna þessar stöður ef við eigum að geta tekið að okkur aukin verkefni fyrir land og þjóð.“  
sveinn@frettabladid.is

# BRIDS SKÓLINN



**BYRJENDUR** (stig 1) **25. janúar:** 8 mánudagar frá 20-23  
**VÖRNIN** (stig 4) **27. janúar:** 5 miðvikudagar frá 20-23

**STIG 1** Hvað þarf að kunna fyrirfram? Ekki neitt, en það spillir ekki að þekkja ás frá kóng. Æskilegur aldur? Einhvers staðar á bilinu frá 18 til 90 ára. Þarf makker? Nei. Nóg af þeim á staðnum.

**STIG 4** Samskiptareglur varnarinnar eru fjórar: útspilin, köll í sama lit, köll í hliðarlit og lengdarkerking. Hvernig eru þessar reglur og hvenær gilda þær? Um það fjallar námskeiðið.

Námskeið skólans eru haldin í **Síðumúla 37** í Reykjavík, húsnæði BSÍ.

Upplýsingar og innritun

í síma **898-5427** og á netinu **bridge.is**



GERÐU ÞIG AÐ  
VERÐMÆTARI  
STARFSMANNI

## BÓKHALDSNÁM

Fjöldi öflugra og hagnýtra námskeiða í boði, jafnt fyrir þá sem þurfa að fá haldgóðan grunn í bókhaldi eða lengra komna sem vilja öðlast dýpri þekkingu og færni.



FJARKENNSLA  
Í BEINNI



LÁNSHÆFT  
NÁM

### FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

- Nám fyrir þá sem stefna á próf til viðurkenningar bókara en vilja bæta við sig verðmætum einingum fyrir bókhaldsstörf.
- Námsbrautin er lánsþæf til skólagjaldalána hjá námslánasjóðnum Framtíðinni.

#### VIÐFANGSEFNI

Námsbrautin er í fimm hlutum auk undirbúnings með kynningu og kennslu í námstækni með MindManager hugarkortshugbúnaðinum (MindManager leyfi að verðmæti 35.000 kr. fylgir með).

- BÓKHALD – GRUNNUR
- TOLLSKÝRSLUR – LÖG OG REGLUR UM INNFLUTNING
- SKATTSKIL EINSTAKLINGA MEÐ REKSTUR
- BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA
- VIÐURKENNDUR BÓKARI\*

Morgun- og kvöldhópar í boði • Hefst: **3. feb.** • Verð: **544.000 kr.**

(Með fyrirvara um verðbreytingar hjá EHÍ. Möguleiki á að greiða fyrir einn hluta í einu). Mætingarskylda: 80% af heildarfjölda kennslustunda. \*Með fyrirvara um breytingu á reglum EHÍ og ráðuneytisins.

### SKRIFSTOFUSKÓLINN

### EINSTAKT VERÐ

- Mjög gagnleg námsbraut í samstarfi við Framvegis fyrir þá sem hafa áhuga á að ná frama með almennum skrifstofustörfum, styrkja kunnáttu sína eða nota sem grunn fyrir frekara nám.

Skrifstofuskólinn er ætlaður fólki sem er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki. Námsbrautin er styrkt af Fræðslusjóði og er þess vegna hægt að bjóða hana á ótrúlegu verði, eða **49.000 kr.** í stað **249.000 kr.** áður.

Hefst: **1. feb.** • Lengd: **264 std.** • Verð: **49.000 kr.** í stað **249.000 kr.**  
Morgun-, síðdegis- og kvöldhópar. Kennsluefni á íslensku – innifalið í verði.

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550  
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á [promennt.is](http://promennt.is)

### NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

VIÐURKENNDUR BÓKARI | Þriðjud. **19. jan. kl. 18:00**

### BÓKHALD – GRUNNUR

- Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur sem vilja vera sem mest sjálfstæðir við bókhaldið.

Hefst: **3. feb.** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **105 std.**

Verð: **149.000 kr.** • Verð á mánuði með vaxtalausum léttgreiðslum í 6 mánuði: **24.833 kr.**

### BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

- Sérlega hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi en vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Einnig kjörinn undirbúningur fyrir námið Viðurkenndur bókari. Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst: **2. feb.** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **105 std.**

Verð: **149.000 kr.** • Verð á mánuði með vaxtalausum léttgreiðslum í 6 mánuði: **24.833 kr.**

#### STÖK NÁMSKEIÐ

	LENGD	VERÐ
Navision fjárhagsbókhald	47 std.	74.000 kr.
Skattskil einstaklinga með rekstur	32 std.	59.000 kr.
Tollskýrslugerð	21 std.	39.000 kr.
Excel grunnur	21 std.	39.000 kr.
Excel frh. og Pivot greiningar	15 std.	44.000 kr.
Excel fyrir bókara	15 std.	39.000 kr.

PROMENNT



# Ótækt að heilindi Vilhjálms skuli dregin í efa af starfsbróður hans

**STJÓRN MÁL** Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, segist ekki hafa haldið því fram á Sprengisandi að Hagar hafi haft aðkomu að áfengisfrumvarpi Vilhjálms Arnasonar.

Kári segist hafa rekist á þingmann Sjálfstæðisflokksins á laugardaginn í Krínglunni og átt við hann samtál um frumvarpið.

„Ég spurði hann hvort það væri virkilega svo að allur þingflokkurinn ætlaði að greiða með þessu heimskulega frumvarpi,“ segir Kári. „Þá sagði hann: „Nei, nei, ég hef ekki tekið afstöðu með þessu frumvarpi, þess

utan voru það Hagar sem skrifuðu þetta frumvarp en ekki Vilhjálmur.“

Kári segir það ekki rétt líkt og komið hafi fram í fjölmiðlum að hann tryði þessari kenningu.

„Ein af þeim ástæðum að ég gaf þessari kenningu þá virðingu mína að minnst á hana er sú að fleiri höfðu haldið þessu fram á þingi og Vilhjálmur fékk tækifæri til að svara þessu og hann gerði það ágætlega,“ segir hann.

Kári segir kenninguna um Haga ekki röksemdir gegn frumvarpinu.

„Hins vegar er það sem skiptir máli, að ef þetta frumvarp verður að lögum

**Ef hann er ósam- mála frumvarpinu þá viljum við endilega heyra hans sjónarmið og vita hvort það séu skiptar skoðanir í þingflokknum.**

Albert Guðmundsson, formaður Heimdallar



eykur það áfengisneyslu í íslensku samfélagi sem við höfum ekki efni á.“

Finnur Arnason, forstjóri Haga, sendi fjölmiðlum fréttatilkynningu í gær þar sem kom fram að Hagar hefðu ekki komið nálægt gerð frumvarpsins.

Albert Guðmundsson, formaður Heimdallar, undrast orð þessa þingmanns Sjálfstæðisflokksins.

„Það er allt í góðu að fólk hafi sínar skoðanir á þessu en það er ótækt að þarna sé einhver starfsbróðir Vilhjálms að draga heilindi hans í efa, að vera á mála hjá einhverjum aðilum

og koma hagsmunum þeirra á framfæri,“ segir Albert.

Albert segir að þingmaðurinn sem var ræðir eigi að gera grein fyrir sér. „Ef hann er ósamhála frumvarpinu þá viljum við endilega heyra hans sjónarmið og vita hvort það séu skiptar skoðanir í þingflokknum. Annars held ég nú að þingflokkurinn styðji þetta frumvarp heils hugar,“ segir hann. Vilhjálmur Arnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var einnig gestur í Sprengisandi og sagðist sjálfur hafa samið frumvarpið ásamt nefndarritara Alþingis. – srs



Landsbréf er dótturfyrirtæki Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Landsbréf stofna fjárfestingasjóð

**VÍÐSKIPTI** Landsbréf hafa stofnað nýjan fjárfestingasjóð sem ber nafnið Horn III. Fram kemur í Lög- birtingablaðinu að tilgangur félagsins sé fjárfestingar í hlutabréfum og öðrum fjármálagæringum, lána- starfsemi tengdri fjárfestingum og tengdum rekstri. Stofnandi er auk Landsbréfa Horn III GP.

Landsbréf reka nú þegar sérhæfðu fjárfestingasjóðina Horn II, Icelandic Tourism Fund I slhf og Brunn. Horn II, sem fjárfestir í íslensku atvinnulífi og eingöngu í óskráðum bréfum, á hlut í Bláa lóninu, Fáfni Offshore, Invent Farma og Keahótel.

Engar upplýsingar fengust hjá Landsbréfum um nýja sjóðinn. – sg

## Niðurgreiðsla aftrar þróuninni

**UTANRÍKISMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra var um helgina í Sameinuðu arabísku furstadæmum á ríkjaráðstefnu IRENA, stofnunar um endurnýjanlega orkugjafa.

Gunnar Bragi lagði áherslu á að ríki heims stæðu við loforð eftir að loftslagsáætlunin var undirritaður í París í desember. Hann vök að sérþekkingu Íslands varðandi nýtingu jarðvarma. Þá sagði hann niðurgreiðslu á jarðefnaeldsneyti á heimsvísu aftra framþróun á endurnýjanlegri orkugjafa. – srs

# Lög um opinber innkaup kosta hundruð milljóna við lyfjakaup

Að mati Landspítalans hamlar lög um opinber innkaup því að hægt sé að halda útboð á lyfjakaupum með öðrum þjóðum. Dæmi um allt að 70 prósent lægra verð í Noregi. Heilbrigðisráðherra vill breyta lögum.

**STJÓRN SÝSLA** Íslenska ríkið gæti sparað hundruð milljóna króna á ári í lyfjakaupum ef Ísland tæki þátt í útboðum á lyfjum með öðrum þjóðum. Norðmenn náðu í fyrra að lækka verð á gígtafyrjum um 70 prósent en við ráðstöfum um milljarði króna í sams konar lyf á hverju ári. Landspítalinn segir lög um opinber innkaup hamlar því að hægt sé að taka þátt í útboðum með öðrum þjóðum.

„Það hefur lengi verið í umræðunni að Íslendingar taki þátt í lyfjaútboðum með öðrum þjóðum en að svo stöddu hamlar lög um opinber innkaup og lagaumhverfi í nágrennanalöndunum því að svo geti orðið,“ segir Guðný Helga Herbertsdóttir, upplýsingafultrúi Landspítalans.

Lögum um opinber innkaup frá 2007 var breytt árið 2011. Þá var lögð til heimild til að bjóða út innkaup í öðru ríki í samstarfi við önnur ríki. Við þriðju og síðustu umræðu tillögunnar kom fram breytingartillaga frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni og Sigurði Kára Kristjánssyni sem Landspítalinn telur hamlar því að hægt sé að fara í útboð með öðrum þjóðum. Breytingartillagan snýr að því að áður skuli liggja fyrir sérstakt samkeppnismat á útbóði erlendis og skuli fjármálaráðuneyti leita eftir staðfestingu Samkeppniseftirlitsins á því samkeppnismati. Þessi breytingartillaga var samþykkt.

Sjúkratryggingar Íslands vörðu rúmum fjórtán milljörðum króna í lyf samkvæmt ársreikningi stofnunarinnar fyrir árið 2013 og því er um stóran útgjaldalið fyrir hið opinbera að ræða.



Sjúkratryggingar Íslands vörðu rúmum fjórtán milljörðum króna í lyf á árinu 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir það skipta miklu máli að lækka lyfjakostnað ríkisins og vill beita sér í málinu.

„Ég hef áður talað fyrir því, bæði hér á landi og við samstarfsráðherra mína á Norðurlöndum, að það sé mikilvægt að standa saman að útboðum til að lækka kostnað hins opinbera. Það er mikilvægt að breyta lögum um opinber innkaup svo að af þessu megi verða,“ segir Kristján Þór.

Halldór Ó. Sigurðsson, forstjóri Ríkiskaupa, segir þessa grein laganna ekki vera eins hamlandi og hún líti út fyrir að vera í fyrstu.

„Við höfum aðstoðað aðrar ríkis-

**Það er mikilvægt að breyta lögum um opinber innkaup svo að af þessu megi verða.**

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra



**Það hefur lengi verið í umræðunni að Íslendingar taki þátt í lyfjaútboðum með öðrum þjóðum.**

Guðný Helga Herbertsdóttir, upplýsingafultrúi Landspítalans



stofnanir við að fara í sameiginlegt útboð með öðrum þjóðum og það hefur gengið ágætlega. Það er mikilvægt að stofnanir láti reyna á þetta

áður en þær ákveða að þetta hamli þeim í að spara fjármagn hins opinbera,“ segir Halldór. sveinn@frettabladid.is

Frá kr. **69.900**

**STÖKKTU TIL GRAN CANARIA**

Stökktu ☺☺☺

Netverð á mann frá kr. 69.900 m.v. 3 í íbúð. Netverð á mann frá kr. 79.900 m.v. 2 í íbúð. 27. janúar eða 3. febrúar í 7 nætur.

**Heimsferðir**

## Vísar gagnrýni vegna Íslandspósts á bug

**SAMKEPPNI** Póst og fjarskiptastofnun segir það rangt að stofnunin hafi heimilað hækkun gjaldskrár Íslandspósts án þess að fyrir liggja mat stofnunarinnar á kostnaðargrunni félagsins.

Vísar stofnunin þar í orð Ólafs Stephensen, framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda. Hið rétta sé að kostnaður Íslandspósts við dreifingu pósts í einkaréttarþjónustu sé þekkt stærð.

Íslandspóstur hefur einkarétt á dreifingu bréfa sem eru minna en 50 grömm að þyngd. Verð til neytenda á þeim hluta starfseminnar á aðeins að ná yfir kostnað við dreifingu með örliðu álagi. Dreifing pósts umfram 50 grömm að þyngd er svo háð samkeppni og því þarf að tryggja að einkaréttarþjónusta Íslandspósts greiði ekki niður samkeppnisrekstur fyrirtækisins.

Í yfirlýsingu Póst- og fjarskiptastofnunar er þessum vangaveltum



Íslandspóstur hefur hækkað verð og skert þjónustu í dreifibýli. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

vísad á bug. Kostnaður við einkarétt sé þekktur og því hafi stofnunin samþykkt hækkun gjaldskrár fyrirtækisins á einkaréttarþjónustu sinni. – sa

» Íslandspóstur hefur einkarétt á dreifingu bréfa sem eru minna en 50 grömm að þyngd.



# NOTAÐIR BÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á  
[notadir.brimborg.is](http://notadir.brimborg.is)

## Gerðu góð kaup á notuðum bíl Mikið úrval gott verð



**TILBOÐ 2.990.000 kr.**

**Ford B-MAX Titanium RIA64**  
Skráður apríl 2014, 1,6i bensín, sjálfskiptur.  
Ekinn 39.000 km. Í ábyrgð.  
Verð 3.190.000 kr.



**TILBOÐ 7.950.000 kr.**

**Toyota Land Cruiser 200 VX ERU84**  
Skráður september 2010, 5,7i bensín, sjálfskiptur.  
Ekinn 130.000 km.  
Verð: 8.490.000 kr.



**TILBOÐ 3.890.000 kr.**

**Audi A4 Avant REV00**  
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.  
Ekinn 47.000 km.  
Verð: 4.590.000 kr.



**TILBOÐ 8.990.000 kr.**

**Volvo XC90 Momentum D5 AWD FYE05**  
Skráður mars 2013, 2,4TDCi dísil, sjálfskiptur.  
Ekinn 32.000 km. Í ábyrgð.  
Verð 9.250.000 kr.



**TILBOÐ 3.190.000 kr.**

**Mazda6 Vision ZYF48**  
Skráður ágúst 2013, 2,2 SkyActiv dísil, sjálfskiptur.  
Ekinn 86.000 km. Í ábyrgð.  
Verð: 3.590.000 kr.



**VERÐ 1.990.000 kr.**

**Ford Fiesta Trend JZF22**  
Skráður apríl 2015, 1,0i bensín, beinskíptur.  
Ekinn 27.000 km. Í ábyrgð.



**TILBOÐ 2.490.000 kr.**

**Ford Focus Trend Edition NPK22**  
Skráður maí 2014, 1,6TDCi dísil, beinskíptur.  
Ekinn 84.000 km. Í ábyrgð.  
Verð: 2.650.000 kr.



**VERÐ 3.490.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium S AWD PJD48**  
Skráður maí 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskíptur.  
Ekinn 113.000 km.



**VERÐ 1.690.000 kr.**

**Volkswagen Polo AEU14**  
Skráður maí 2013, 1,2i bensín, beinskíptur.  
Ekinn 72.000 km.



**TILBOÐ 2.690.000 kr.**

**Citroën Berlingo Multispace HSH32**  
Skráður mars 2015, 1,6TDCi dísil, beinskíptur.  
Ekinn 20.000 km. Í ábyrgð.  
Verð 2.880.000 kr.



**TILBOÐ 2.190.000 kr.**

**Honda Civic Sport Comfort FIN61**  
Skráður júní 2012, 1,8i bensín, sjálfskíptur.  
Ekinn 48.000 km.  
Verð: 2.390.000 kr.



**VERÐ 990.000 kr.**

**Citroën C5 DB873**  
Skráður júlí 2006, 2,0i bensín, sjálfskíptur.  
Ekinn 124.000 km.

► Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí ► Hagstætt uppítökuverð ► Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

**f** FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK  
Notaðir bílar - Brimborg  
Tilboðsbílarirnir fara  
beint á Facebook!

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7030  
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040  
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Sölueldir eru opnar  
virka daga kl. 9-17  
og laugardaga 12-16.



Öruggur staður til að vera á



## Gert skylt að útvega gísl

**MALDÍVEYJAR** Mohamed Nasheed, fyrrverandi forseti Maldíveyja en núverandi fangi, fær ekki að fara til Bretlands til að undirgangast skurðaðgerð nema hann útvegi ættingja sinn í gíslingu á meðan.

Ættinginn yrði þá hneptur í fangelsi ef Nasheed kæmi ekki til baka frá Bretlandi.

Stjórn landsins var búin að samþykkja að Nasheed fengi 30 daga frí úr fangelsinu til að leita sér lækninga, en á síðustu stundu var ákveðið að setja þetta skilyrði. – gb



Mohammed Nasheed, fyrrverandi forseti Maldíveyja. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Gæði og glæsileiki** endalaust úrval af hágæða flisum

**Flisabúðin**  
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

## Vantar þig upplyftingu?

Náttúrulegur B12 vítamín munnúði með krómi og grænu te ekstrakt.

Skortur á B12-vítamíni getur birst sem:

- Preyta, slen, orkuleysi
- Nálardofi í hand- og fótleggjum
- Hægðatregða, uppþemba
- Þyngdartap
- Svimi
- Erfiðleikar með gang
- Skapsveiflur
- Minnisleysi
- Vitglöp og jafnvel alzheimers

Þegar B12 Boost er sprejjað í munnholið fara næringarefni beint í blóðrásina sem eykur líkur á góðri upptöku.

Sölustaðir: apótek, heilsubúðir og verslanir

## Dýrin blessuð á Spáni



Dýraeigendur á Spáni flyktust í gær með dýr sín til presta til að láta þá blessa dýrin á degi heilags Antoníusar, en hann er sérlegur dýrtingur dýra í kaþólsku kirkjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Fyrirtæki aðlagi sig strax að breytingum

Fjárfestar og stjórnendur fyrirtækja verða að taka mark á stöðu loftslagsmála og hefja strax aðlögun að breyttum tímum. Orkufrek mengandi starfsemi gæti orðið fyrir þungu höggi sem líkt er við áhrif kreppunnar á fjármálageirann eftir árið 2008.

**UMHVERFISMÁL** Fjárfestar og forráðamenn fyrirtækja ættu fyrr en seinna að taka stöðu loftslagsmála inn í myndina við ákvörðunartöku sína. Allt bendir til þess að á næstu árum muni kröfur um grænar áherslur, vegna hnattrænnar hlýnunar og loftslagsvandans, hafa mikil áhrif á rekstur fyrirtækja og fjárfestingar.

Nú þegar hafa stórfjárfestar breytt fjárfestingastefnu sinni vegna þeirra breytinga sem eru skammt undan, og felast ekki síst í nýjum loftslagssamningi sem undirritaður var af 195 þjóðum á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París í desember (COP21).

Í nýbirtri pælingu Hagfræðideildar Landsbankans um niðurstöður ráðstefnunnar og áhrif þeirra á efnahagslíf þjóða segir að ný markmið og reglusetningar á þessu sviði muni hafa viðtæk áhrif á atvinnulíf í heiminum fyrr en seinna – og næstu áratugin.

„Stjórnvöld munu líklega beina aðgerðum sínum að t.d. námu- rekstri, olíuvinnslu og orkufrekum iðnaði með reglum og aðgerðum



Stórfyrirtæki vega sum hver jafn mikið og heilu þjóðríkin í losun gróðurhúsalofttegunda. NORDICPHOTOS/AFP

### Norski olíusjóðurinn bregst við

Norski olíusjóðurinn ætlar að selja í 120 fyrirtækjum sem nýta kol. Sjóðurinn ætlar að losa sig við hlutabréf að virði 850 milljarða íslenskra króna vegna breyttrar fjárfestingastefnu. Norska stórpíngið hefur ákveðið að sjóðurinn eigi ekki eignir í fyrirtækjum þar sem 30% eða meira af tekjum falla til vegna kolaíðnaðar. Námu- og olíufyrirtæki eru meðal þeirra.

sem munu fela í sér mikinn kostnað. Ekki er út í hött að ætla að þessar greinar og fleiri gætu lent í svipaðri stöðu og fjármálageiri heimsins lenti í eftir áföllin í alþjóðlegu fjármálakreppunni,“ og einnig segir að fyrirtæki sem framleiða eða nota mikið af jarðefnaeldsneyti gætu staðið frammi fyrir aukinni skattlagningu og íþyngjandi regluverki og einhver þeirra gætu staðið frammi fyrir því að geta ekki nýtt bókfærðar auðlindir sínar eins og kol og olíu í jörðu. Bent hafi verið á að til að hlýnun haldist undir tveim gráðum, eins og markmið loftslagssamningsins hljóðar upp á, þurfi þriðjungur af olíu-, helmingur af gas-, og meira en 80% af núverandi kolaauðlindum frá 2010 til 2050 að liggja áfram í jörðu um ókomna tíð.

Augljóst sé að fyrirtæki í námu- vinnslu, þau sem framleiða raforku með kolum og fyrirtæki tengd olíu- iðnaði búa við meiri áhættu vegna þessara þátta en ýmis önnur, sem komi til með að hafa áhrif á markaði með skuldabréf fyrirtækja. svavar@frettabladid.is





www.dacia.is

Hugsanlega sennilega

# STÆRSTI, ÓDÝRASTI OG SPARNEYTNASTI FJÖLSKYLDUBÍLL Á ÍSLANDI

## DACIA LOGAN MCV DÍSIL



Verð kr.

# 2.790 þús.

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)

Eyðsla í blönduðum akstri 3,8 L/100 km\*

\*Miðað við uppgefna eldsneytisnotkun framleiðanda í blönduðum akstri.

Hlaðinn staðalbúnaði m.a.; Íslenskt leiðsögukerfi, 7" LED skjár, bakskynjarar, hraðastillir (Cruise control), Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp og geislaspilari með USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod, 4 hátalarar, aðgerðahnappar í stýri, sex aðgerða aksturstölvu, útihitamælir, ræsivörn, loftkæling AC, leðurstýri, litaðar rúður, svart slitsterkt „Compass“ tauáklæði, niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á öikumannssæti, ESC stöðugleikastýring, þokuljós að framan o.m.fl.



GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.bilahusid.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is







Íbúar í Flint ná sér í vatnsflöskur, þar sem kranavatnið er ódrekkandi og hættulegt. NORDICPHOTOS/AFP

## Neyðarástand í Flint vegna blýmengunar

**BANDARÍKIN** Bandarísk stjórnvöld hafa lýst yfir neyðarástandi í bænum Flint í Michigan vegna blýmengunar í vatni þar.

Alvarleg mengun hefur verið í vatni bæjarins í tvö ár, eða eftir að bæjaryfirvöld ákváðu að spara sér fé með því að ná í vatnið úr Flint-fljóti frekar en úr Huron-vatni. Bæjaryfirvöld viðurkenndu þennan vanda þó ekki fyrr en í október síðastliðnum.

Í gær skýrði svo leikkonan Cher frá því að hún hafi, í samstarfi við íslenska vatnsfyrirtækið Iceland Glacial, gefið bæjarbúum í Flint rúmlega 180 þúsund flöskur af vatni.

Bæði Rick Snyder, ríkisstjóri í Michigan, og Barack Obama Bandaríkjaforseti hafa lýst yfir neyðarástandi vegna vatnsmengunarinnar. Þar með á bærinn rétt á allt að fimm milljónum dala úr ríkissjóði til að takast á við vandann. –gb

## Látinn eftir lyfjaprófun

**FRAKKLAND** Karlmaður sem hlaut alvarlegar heilaskemmdir eftir að hafa tekið þátt í lyfjaprófun á vegum fyrirtækisins Biotrial í Frakklandi er látinn.

Samkvæmt vef BBC tóku 90 sjálfboðaliðar þátt í prófuninni og veiktust fimm þeirra, auk þess sem lést. Samkvæmt yfirlýsingu frá sjúkrahúsinu í Rennes, þar sem mennirnir eru til meðhöndlunar er líðan þeirra stöðug sem stendur en fjórir þeirra glíma við taugafræðileg vandamál en sá fimmti er einkennalaus. Mennirnir eru á aldrinum 28 til 49 ára. Í kjölfar atviksins hafa tíu af hinum 84 sjálfboðaliðum verið settir í frekari rannsóknir en samkvæmt fyrrnefndri yfirlýsingu hefur ekkert fundist sem bendir til þess að þeim hafi orðið meint af.

Biotrial er franskt fyrirtæki sem staðið hefur fyrir fjölda lyfjaprófana frá stofnun þess árið 1989 en lyfið sem um ræðir var í þróun hjá portúgalska fyrirtækinu Bial.

Embætti saksóknara í París hefur hafið rannsókn á málinu og var prófunum á lyfinu hætt þegar sexmennigarnir veiktust. –gló

# Kínverjar hóta Taívönnum vegna áherslu á sjálfstæði

**TAIVAN** Kínastjórn varar nýkjörinn forseta Taívans við því að leggja frekari áherslu á sjálfstæði Taívans gagnvart Kína.

Tsai Ing-wen vann öruggan sigur í forsetakosningum á laugardaginn. Flokkur hennar, Lýðræðislegi framfaraflokkurinn, sigraði einnig í þingkosningum sama dag.

Tsai og flokkur hennar hafa lagt áherslu á sjálfstæði Taívans, öfugt við fyrri stjórn sem lagði meiri áherslu á að bæta samskiptin við Kína.

Tsai og flokkur hennar hétu því reyndar einnig í kosningabaráttunni að halda áfram að eiga í góðum samskiptum við Kína.

Kínverska ríkisfréttastofan Xinhua segir að það myndi eitra samskiptin ef nýja stjórnin vill yta undir sjálfstæði.

Kína viðurkennir ekki sjálfstæði eyrikisins Taívans, en Taívan viðurkennir reyndar ekki heldur annað en að Kína eigi að tilheyra Taívan, enda hafi réttmæt stjórnvöld Kína flúið til Taívans þegar kommúnistar gerðu byltingu í Kína árið 1949.

Einungis 22 lönd viðurkenna sjálfstæði Taívans, en Vesturlönd hafa flest hikað við að taka upp pólitísk samskipti við Taívan, enda er þar hinu völduga Kína að mæta sem tæki slíkt afar óstínt upp. –gb



Tsai Ing-wen, nýkjörinn forseti Taívans, boðar aukna áherslu á sjálfstæði landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Íranar horfa fram á betri tíð

Alþjóðlegum refsiaðgerðum gegn Íran hefur að mestu verið aflétt, sem þýðir að efnahagslífið þar gæti tekið kipp á næstunni með bættem hag almennings. Íranar hafa staðið við sinn hluta kjarnorkusamningsins frá síðasta ári.

**ÍRAN** Íranar hafa fagnað því að alþjóðlegum refsiaðgerðum hefur verið aflétt af landinu. Þar með geta þeir á ný farið að stunda viðskipti við Vesturlönd, þar á meðal með olíu.

Alþjóðakjarnorkueftirlitið, IAEA, gaf á laugardaginn út yfirlýsingu um að Íranar hafi staðið við sinn hluta af samningnum, sem gerður var á síðasta ári. Í beinu framhaldi af þeirri yfirlýsingu afléttu Vesturlönd efnahagslegum refsiaðgerðum gegn Íran.

Í gær voru svo fimm bandarískir fangar látnir lausir í Íran, þar á meðal blaðamaðurinn Jason Rezaian, en á móti láta Bandaríkjamenn sjö íranska fanga lausa.

Samningurinn snerist um að Íranar drægju verulega úr möguleikum sínum til að búa til kjarnorkuvopn, meðal annars með því að losa sig við megnið af því auðgaða úrani, sem þeir höfðu komið sér upp, og eyðileggja jafnframt 12.000 skilvindur sem nota mátti til auðgunar úrans.

Í staðinn hafa nú bæði Bandaríkin og Evrópusambandið aflétt viðskiptaþvingunum, þannig að nú er fyrirtækjum á Vesturlöndum frjálst að fjárfesta í olíu, skipasmíðum, fjármálafyrirtækjum og fjölmörgum öðrum viðskiptatækifærum í Íran.

Þar með má búast við því að efnahagslífið í Íran taki nokkurn kipp á næstunni og hagur almennings batni jafnframt, þegar nýir markaðir opnast og framleiðsla eykst.

„Þetta er mjög góður dagur fyrir írönsku þjóðina, og mjög góður dagur fyrir okkar heimshluta,“ sagði Mohammad Javad Zarif, utanríkisráðherra Írans. „Þetta er dagurinn sem við sýnum heiminum fram



Hassan Rúhani, forseti Írans, brosti breitt á þingi í gær þegar ljóst var að efnahagslegum þvingunum hefði verið aflétt. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Þetta er dagurinn sem við sýnum heiminum fram á að hótanir, refsiaðgerðir, ógnir og þrýstingur virka ekki. Það sem virkar er að sýna virðingu.**

Mohammad Javad Zarif, utanríkisráðherra Írans



á að hótanir, refsiaðgerðir, ógnir og þrýstingur virka ekki. Það sem virkar er að sýna virðingu.“

Dagblöðin í Íran fögnuðu almennt niðurstöðunni og Hassan Rúhani forseti, sem talinn er eiga stóran þátt í að samningar tókust, segir að nú séu allir ánægðir, „nema sionistar, stríðsæsingamenn og þeir sem sá fræjum óánægju meðal íslamskra þjóða og öfgamenn í Bandaríkjunum. Allir aðrir eru ánægðir.“

Barack Obama Bandaríkjaforseti sagði samninginn líka til marks um að árangursríkara sé að nálgast

málin af skynsemi, þolinmæði og ögun, frekar en að fara í stríð.

Strax í gær tilkynntu Bandaríkin reyndar að nýjar refsiaðgerðir verði lagðar á Íran, vegna flugskeytatilrauna sem Íranar gerðu fyrir fáum vikum. Þessar nýju refsiaðgerðir eru hins vegar afar takmarkaðar. Þær fela í sér að 11 stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum verður bannað að nota banka í Bandaríkjunum.

Þingkosningar verða haldnar í Íran í lok febrúar.

gudsteinn@frettabladid.is



## Andaðu með nefinu



- Loft innan fárra mínútna
- Illmur af mentól og eukalyptus



Otrivin Menthol ukonservet, nefúði, lausn. Inniheldur xylometazólinhýdróklóríð. Ábendingar: Bólgur og aukin slimmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Otrivin Menthol 1,0 mg/ml er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum, lengst í 10 sólarhringa og ekki úða oftar en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Fyrir fyrstu notkun á að ýta 4 sinnum á úðarann til að undirbúa dæluna. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Frábendingar: Ofnæmi fyrir xylometazólini eða einhverju innihaldsefnanna. Ekki má nota Otrivin Menthol eftir heiladingsnáám, skurðaðgerðir um nef/munn, hjá sjúklingum með þrönghornsgláku eða nefslímubólgu með óeðlilega þurri nefslímuhúð eða með slímhúðarvisnun. Varnaðarorð og varúðarreglur: Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirku efnun, ert með skjaldvakaóhöf, sykursýki, háþrýsting, hjarta og æðasjúkdóma, slagæðargulp, erfðleika við þvaglát, æxli í nyrnahettum, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. Má ekki nota handa börnum yngri en 12 ára og ekki lengur en í 10 sólarhringa. Sérstaklega skal gæta þess að fara ekki yfir ráðlagðan skammt hjá börnum og öldruðum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfshafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurláun 12a, 210 Garðabæ.

Otrivin®



# STÓR-ÚTSALA Í MÚRBÚÐINNI!

Góður afsláttur af **MÚRBÚÐARVERÐI** – það er gott verð!

## Flísar

30 tegundir

**30-60%**  
AFSLÁTTUR



**30%**  
afsláttur

Rafhloðuborvél með höggi,  
HDA2544 18V  
~~17.990~~  
**12.593**

MIKIÐ ÚRVAL  
**1.719**

G 002 með hjólum 52  
lítra 58x42x34cm  
~~2.149~~

**20%**  
afsláttur

**20%**  
afsláttur



Marc-Leo4 100x40x185cm 5 hillur

~~7.995~~ **6.396**



**50%**  
afsláttur

ALM14DF 14,4V Li-Ion  
herðsluskrúfvél  
2,8Ah 135Nm  
~~34.990~~  
**17.495**



TY2007W  
Vinnuljósastari  
á telescope fæti  
400W ECO pera  
~~5.390~~

**3.935**

**27%**  
afsláttur

Arges HKV-100GS15 1000W, 15 lítrar

~~24.900,-~~

**19.920,-**

**20%**  
afsláttur



Bol-834 80x48x18cm  
þykkt 0,8mm

~~9.990~~ **6.993**

**30%**  
afsláttur



BOZZ SH22015-3  
Sturtusett  
m/hitastýrðu tæki  
~~26.990~~  
(rósettur fylgja)

**21.592**

**20%**  
afsláttur



Ríga salerni með setu,  
veggstútur.

~~21.990~~

**17.592**



**20%**  
afsláttur

~~2.990~~  
**2.397**



Protool fjölnota  
verkfæri 220W  
með 37 fylgihluti  
í tösku

~~11.990~~  
**8.993**



Djús/ávaxtablandari  
með glerkönnu  
40w 1,3l.

~~3.942~~  
**2.957**

Gúmmimottur




**25%**  
afsláttur

**20%**  
afsláttur

Spandy 1200W Cyclone  
heimilsryksuga  
~~11.990~~

**9.592**



Ryco LDL-MD418A lampi  
m. grind 4x18W T8 62x60x8 cm  
með perum  
~~6.995~~ **4.897**

**30%**  
afsláttur



BOZZ- LH2202-3 Hitastýrt  
sturtutæki með uppstútur kr.

~~9.890~~ (rósettur fylgja)  
einnig til með niðurstútur kr. ~~9.890~~

**7.912**

Patrol verkfærakista Trophy

~~6.995~~

**4.897**

Mikið úrval  
af verkfæra-  
kistum



**30%**  
afsláttur


**30%**  
afsláttur



Drive LG3-70A  
1800W flísasög  
86x57cm borð

~~119.900~~ **83.930**

**25%**  
afsláttur



Drive DIY 500mm flísaskeri  
~~7.990~~ **5.993**



# MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8 - 18, laug. 10-16  
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8 - 18

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!





Mest fjölgun öryrkja frá árinu 2005 hefur verið á aldursbilinu 65 til 66 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Öryrkjum fjölgað um 29 prósent

**VELFERÐARMÁL** Öryrkjum á Íslandi hefur fjölgað um 29 prósent frá nóvember 2005 til nóvember 2015 samkvæmt upplýsingum frá velferðarráðuneytinu. Mest hefur fjölgunin frá árinu 2005 verið á aldursbilinu 65 til 66 ára, hjá körlum um 59 prósent, og konum um 57 prósent.

Meginorsakir örorku eru geðraskanir og stoðkerfissjúkdómar. Þannig eru geðraskanir algengasta orsök örorku hjá körlum og hefur hlutfallið hækkað upp í að vera 44 prósent á þessu ári. Stoðkerfissjúkdómar eru nú 18 prósent hjá körlum.

Hjá konum eru stoðkerfissjúkdómar algengasta orsök örorku eða um 37 prósent en hlutfall geðraskana hefur einnig hækkað hjá konum undanfarin tíu ár og er nú 34 prósent.

Frá árinu 2010 hefur öryrkjum fjölgað um 1,7 til 2,1 prósent á milli ára. Hlutfall karla og kvenna hefur haldist nokkuð jafnt frá árinu 2005, konur eru 60 prósent öryrkja en karlar 40 prósent.

Hlutfall öryrkja af fólksfjölda hefur aukist um 1,2 prósent frá desember 2004 til desember 2014. Öryrkjar á aldrinum 18 til 66 ára voru að meðaltali sjö prósent af fólksfjölda á sama aldursbili í desember árið 2004 og 8,2 prósent í desember 2014. – **sg**

## IKEA innkallar trommukjuða

**VERSLUN** IKEA hvetur viðskiptavini sem eiga LATTJO trommukjuða eða LATTJO tungutrommu til að taka leikföngin tafarlaust úr notkun barna og skila þeim í IKEA. Þau verða endurgreidd að fullu. Kvittun er ekki skilyrði fyrir endurgreiðslu.

Innköllunin er vegna tilkynninga frá starfsmönnum IKEA um að gúmmíkúlan framan á kjuðunum geti mögulega losnað eða verið skrúfuð af. Laus gúmmíkúla gæti vakið áhuga lítilla barna og í versta falli valdið köfnun. Engin tilkynning um slys hefur borist. – **ibs**

# Neyðaráætlun þarf fyrir fatlaða segir formaður Þroskahjálpar

Formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar telur að ríkisvaldið eigi mikið verk óunnið til að tryggja öryggi og réttarvernd fatlaðs fólks – enda ein af meginskyldum ríkisvaldsins að verja borgarana fyrir ofbeldi og misnotkun.

Svavar Hávarðsson  
svavar@frettabladid.is



**FÉLAGSMÁL** Mikið verk þarf að vinna áður en hægt er að segja að ríkisvaldið hafi gert allt sem í þess valdi stendur til að tryggja öryggi og réttarvernd fatlaðs fólks. Svo alvarleg er staðan á Íslandi varðandi grundvallarréttindi fatlaðra í þessu tilliti að sérstök neyðaráætlun til úrbóta þarf að koma til strax.

Þetta er álit Bryndísar Snæbjörnsdóttur, formanns Landssamtakanna Þroskahjálpar, í ljósi svars Ólafar Nordal innanríkisráðherra við fyrirspurn Steinunnar Þóru Árnadóttur, þingmanns Vinstri grænna, um ofbeldi gegn fötluðu fólki og viðbrögð við því, sem Fréttablaðið fjallaði um á laugar dag. Þar kemur fram að engar samræmdar vinnu- eða verklagsreglur eru til hjá lögreglunni í landinu um viðbrögð þegar grunur kemur upp um ofbeldi gegn fötluðu fólki. Eins gefur svarið ástæðu til að halda að fræðslu sé ábótavant um ofbeldisbrot þessi þegar fagmenntun lögreglumanna og dómara er annars vegar.

Bryndís segir það umhugsunarefni að til að vekja umræðu um þessi mikilvægu mannréttindi, og til að fá viðbrögð stjórnvalda, hafi konur sem sætt höfðu ítrekuðu kynferðisofbeldi þurft að segja frá ömurlegri reynslu sinni fyrir framan alþjóð – og vísar þar til umfjöllunar í Kastljósi um sumardvalarheimilið Nýjabæ fyrr í vetur.

„Það má velta því fyrir sér hvort það að verja borgarana fyrir ofbeldi sé ekki ein af meginskyldum ríkisvaldsins. Það er því full ástæða til að setja tafarlaust í gang neyðaráætlun til að tryggja vernd fatlaðs fólks fyrir ofbeldi, ætli stjórnvöld að standa við skuldbindingar sínar gagnvart fólkinu í landinu, öllu fólki,“ segir Bryndís sem bætir við að ekki sé tryggt að lögreglurannsóknir taki mið af sérstökum þörfum fatlaðs fólks sem aftur getur leitt til að síður verði ákært vegna meintra ofbeldisbrota gegn því. Þá virðist meðferð mála ekki alltaf sniðin að sérstökum þörfum sem fatlað fólk kann að hafa, sem aftur leiðir til þess að mál meintra sakamanna dagar uppi.

Þroskahjálpar samþykkti sérstaka ályktun um vernd fatlaðs fólks gegn



Ofbeldi gegn fötluðu fólki er alþjóðlegt vandamál sem allt of víða er látið grassera án aðgerða.

Það má velta því fyrir sér hvort það að verja borgarana fyrir ofbeldi sé ekki ein af meginskyldum ríkisvaldsins.

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Þroskahjálpar



misnotkun og ofbeldi á landsþingi sínu í október. Þar voru lögreglu- og dómsmálayfirvöld hvött til að setja skýrar verklagsreglur um hvernig bæta megi réttarvernd fatlaðs fólks, „enda sterkar vísbendingar um að fólk með þroskahömlun njóti ekki verndar réttarkerfisins með sama hætti og þeir sem ófatlaðir eru.“

### Ofbeldið alþjóðlegur vandi

- Ofbeldi sem beinist gegn fötluðu fólki er þekkt og viðurkennt vandamál um allan heim.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks frá árinu 2007 leggur mikla áherslu á skyldur ríkja til að verja fatlað fólk almennt, og konur og börn sérstaklega fyrir ofbeldi.
- Ísland skrifaði undir samninginn árið 2007 og vinnur nú að fullgildingu hans.
- Það þýðir að ríkið verður að tryggja að öll lög og stjórnsýsluframkvæmd á Íslandi uppfylli kröfur og skilyrði sem samningurinn mælir fyrir um.
- Í samningnum er lögð sérstök áhersla á að stjórnvöld tryggi fötluðu fólki aðgang að réttarkerfinu (lögreglurannsóknir, ákærvald, dómstólar, refsingar/fangelsi) og vernd réttarkerfisins til jafns við aðra, „meðal annars með því að laga málsmeðferð alla að þörfum þess“.

# TÖLVU-VIDGERÐIR

VINSÆLT OG SKEMMTILEGT NÁMSKEIÐ SEM ER GRUNNUR AÐ FREKARA NÁMI Í KERFISSTJÓRNUN. KENNT Í SAMSTARFI VIÐ ÞÁ BESTU Á MARKAÐNUM.

HEFST 25. JANÚAR

www.ntv.is

ntv

Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn



**KJÚKLINGASAMLOKAN**  
SEM ÞÚ VERÐUR AÐ SMAKKA!



## PASADENA

**BEIKON - RAUÐLAUKUR - SVEPPIR - PESTÓ - SÝRÐUR RJÓMI - JÖKLASALAT**  
- Á MATSEÐLI Í TAKMARKAÐAN TÍMA -

### GRILL 66

ÁLFHEIMUM

GULLINBRÚ

NORÐLINGAHOLTÍ

MOSFELLSBÆ

AKRANESI

BORGARNESI

STYKKISHÓLMI

SKAGASTRÖND

SIGLUFIRÐI

ÓLAFSFIÐI

DALVÍK

REYÐARFIÐI

NESKAUPSTAÐ

HELLU

SELFOSI



ÞÚ FINNUR OKKUR Á OLÍS-STÖÐVUM

*Betra grill við veginn*



# Andlegt erfiði



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

**A**ldrei hefir verið samin svo ómerkileg bók, að hún hafi ekki kostað meira andlegt erfiði en stjórn heillar togaraútgerðar í tíu ár. Og aldrei hefir verið gefin út svo góð bók á Íslandi, að ritlaun höfundarins hafi numið meiru en einum þritugasta hluta af árskaupi lélegs útgerðarstjóra. Þessi orð Þórbergs Þórðarsonar í Bréfi til Láru eru að verða aldar gömul. Þórbergur tók djúpt í árinna, ýkti, ögraði og gerði allt vitlaust en kjarnaði óumflýjanlegan sannleika: Það er andlega erfið að skrifa bókmenntir og skapa list.

Þetta andlega erfiði hefur aldrei verið vel launað á Íslandi en þjóðin hefur þó borið gæfu til þess að virkja þessa atvinnugrein og löngum uppskorið ríkulega. Bókmenntir eru þjóðhagslega arðbær og andlega eflandi atvinnugrein og listamannaaukun þvi ekki styrkjakerfi heldur fjárfestingarkerfi þar sem launum er úthlutað með árangurskröfu í farteskinu. Kerfið er gagnsætt og opið, sambærilegt t.d. við Rannís, og mikill ávinningur væri efalítið fölginn í því að taka upp sambærileg kerfi innan annarra atvinnugreina s.s. landbúnaðar, ferðamannaíðnaðar og sjávarútvegs svo dæmi sé tekið.

En nú sem oft áður virðist deilt um hver eigi að starfa á launum innan greinarinnar, eða með öðrum orðum: Í hvaða höfundum eigum við að fjárfesta? Við eigum að fjárfesta í góðum höfundum. Höfundum sem eru vænlegir til þess að skila okkur þeim ávinningi sem við vonumst eftir; efla tungumálið, skerpa hugsun, gagnrýna okkur og veita okkur innblástur, snerta í okkur hjartað og gera okkur að betri manneskjum. Þetta er mikil krafa sem erfið er að standa undir enda getur það tekið höfund langan tíma og mikla æfingu að ná slíkum árangri. Árangri sem er ekki talinn í blaðsíðum. Verkin eru fjölbreyttari og flóknari en svo og verkefni höfundu í nútíma samfélagi mun viðameiri en að sitja við skrifrit.

Núverandi kerfi við úthlutun listamannaauka var á sínum tíma mikið framfaraskref frá þeirri pólitísku úthlutun sem var áður við lýði. Stjórnir fagfélaga listamanna leggja á herðar sérfræðinga að sitja í úthlutunarnefndum og meta þar með faglegum hætti þær umsóknir sem berast hverju sinni. Listamennirnir sem sitja í þessum stjórnnum verða auðvitað að geta sótt um innan síns sambands þar sem viðkomandi eru ekki starfandi sem stéttarfélagssjórnir heldur sem listamenn.

Það eru því þungar og alvarlegar þær áskanir að stjórn Rithöfundasambandsins hafi með einhverjum hætti hlutast til um niðurstöðu úthlutunarnefndarinnar. Allt eru þetta þó málsmetandi höfundar sem hafa skilað þjóðinni góðri ávöxtun með sínum verkum enda virðist vera litill fótur fyrir þessum þungu ásökunum. Stjórn RSÍ hefur þó brugðist við með því að leggja fram athyglisverðar hugmyndir um að dreifa enn frekar ábyrgðinni og auka enn meira á gagnsæið. Mættu margar atvinnugreinar taka sér þetta til fyrirmyndar.

Hitt er annað mál að á meðan fjárfestingarkostir í bókmenntum eru eins vanmetnir og raun ber vitni þá er sjóðurinn einfaldlega of litill og tækifærið þannig vanýtt, enda úthlutað til höfunda sem geta skilað góðum verkum. Þess er því óskandi að ráðamenn taki nú ærlega við sér og sjái til þess að bókmenntaþjóðin geti áfram staðið undir nafni okkur öllum til hagsbóta.

Halldór



Við eigum að fjárfesta í góðum höfundum. Höfundum sem eru vænlegir til þess að skila okkur þeim ávinningi sem við vonumst eftir.

## Frá degi til dags

### Huldúpingmaður í Kringlunni

